

Nd.

326. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Stafholtstungnahreppi landspildu úr Sauðhússkógi.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu, eftir mati dómkvaddra manna, þann hluta af landi Sauðhússkógar í Stafholtstungum, sem liggur utan skógargirðingar ríkisins þar, ásamt veiðiréttindum, er því landi fylgja, enda verði hið selda land lagt undir jörðina Stapasel. Námuréttindi eru undanskilin sölunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landspilda Sauðhússkógar liggur í ofanverðum Stafholtstungum, nærri jörðinni Stapaseli, og er eign kirkjujarðasjóðs. Lengst af hefur land þetta verið leigt ábúanda Stapasels, sem hefur haft af því mikinn styrk, svo sem til slæгна, með því að sú jörð er mjög slægnalítill. Mestur hluti Sauðhússkógar er þó skóglendi, vaxið allþroskamiklum skógi. Nú hefur skógrækt ríkisins látið friða og afgirða skóglendið, og er það vel farið. Eftir er þó utan girðingar landræma nokkur, er liggur upp að landi Stapasels, og eru þar slægnablettir, sem gætu orðið ábúanda þess til nokkurs framdráttar, ef lagðir væru undir jörðina. Þá er lítills háttar veiðiréttur í Gljúfurá, en hið óafgirta land Sauðhússkógar liggur að henni stuttan spöl, og mundi jörð þessi þykja nokkru álitlegri til búskapar, ef veiðiréttur þessi félli til hennar, þótt lítill sé. En það hefur verið á takmörkum, að ábúandi fengist á Stapaselið undan farin ár, og mundi byggð þar tvisýn í framtíðinni, ef ekki nyti lengur við þeirra hlunninda, þó smávægileg séu, er afnot Sauðhússkógar hafa veitt býli þessu.

Virðist ástæðulaust af ríkinu að gera tilkall til annars og meira af landspildu þessari en skógarins sjálfs, er það nú hefur tekið til ræktunar, og færi bezt á því, að það, sem þar er fram yfir, yrði lagt býlinu Stapaseli til eignar og umráða. Mundi því, og þar með byggðinni í Stafholtstungum, verða af þessu nokkur not, en ríkinu verður þetta engin eign. Stafholtstungnahreppur á nú jörðina Stapasel, og er því kaupanna óskað honum til handa.